

Er vondur fréttáflutningur RÚV löglegur? (Birtist í Kvinnablaðinu 19. september 2018)

Kári Stefánsson birti hressilega grein í Kvinnablaðinu þann sautjándan þessa mánaðar. Þar er til umfjöllunar minnisleysi stjórnámalanna, skringilegur vísindamaður og vinnubrögð RÚV. Kári segir heimildarýni fjölmiðilsins óvandaða. Það get ég í ákveðnum tilvikum tekið undir. Reyndar hefur mér blöskrað umfjöllun RÚV's um jafnréttismál sérstaklega og það því Fjölmiðlanefnd um álit.

Upphafsorð erindis míns eru: „Í þriðju grein laga um RÚV stendur m.a. að RÚV skuli „[h]afa í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, þ.m.t. um mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana.“ Enn fremur skal miðillinn: „Veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttá- og fréttaskýringarþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar. Vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni og almenning varða. Hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi Ríkisútvarpsins og í dagskrá þess.“ Um vinnubrögð og nálgun segir m.a., að RÚV skuli „[v]era til fyrirmyndar um gæði og fagleg vinnubrögð.“ Aukin heldur, „[á]byrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð, leitað sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt sem jafnast. Sannreyna að heimildir séu réttar og að sanngirni sé gætt í framsetningu og efnistöku. Vera óháð stjórnámalalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum. Stunda vandaða og gagnrýna fréttamennsku og rýna m.a. störf yfirvalda, félaga og fyrirtækja sem hafa áhrif á hag almennings. Taka dagskrárákvörðanir á faglegum forsendum.“

Að mínum dómi er verulegur misbrestur á í öllum nefndum greinum, hvað jafnréttismál áhrærir. RÚV styður beinlínis og óbeinlínis umdeilda öfgahugmyndafræði um kvenfrelsun („öfgafemínisma“); stendur t.d. fyrir fjársöfnun til Kvinnathvarfs; tekur virkan þátt í því fyrirbæri, sem fréttastofa þess kallar „me-too-byllingu (fjölmiðlar annarra þjóða tala um hreyfingu eða því um líkt); setur í fésbókar-gapastokk fjölda karla; fer rangt með sögulegar staðreyndir um kosningarétt; notar tölur Stígamóta sem heimild um kynferðislegt ofbeldi; velur að miklu leyti yfirlýsta öfgakvenfrelsara sem álitsgjafa um jafnréttismál. Fréttir af kynferðisofbeldi karla eru orðnar að síbyllju í RÚV. Túlkun tíðindamanna er jafnan grundvölluð á því viðhorfi, að kúgun karla á konum í hinu svonefnda feðraveldi (sem

fræðimönnum á ýmsum samfélagssviðum hefur aldrei tekist að finna) skýri umkvartanir kvenna. Í erindi mínu er tiltekinn fjöldi dæma um ofangreint.

Fjölmiðlanefnd óskaði eftir viðbrögðum RÚV, sem telur, „... að öll þau atriði sem kvartandi vísi til eigi erindi við almenning og að umfjöllun um þessi málefni sé ekki andstæð þeim skyldum sem hvíli á RÚV.“ Fjölmiðlanefnd sér ekki ástæðu til frekari skoðunar og skrifar: „Að mati fjölmiðlanefndar eiga sjónarmið um tjáningarfrelsi við um þá umfjöllun sem vísað er til í erindi yðar.“ Nefndin „[k]omst að þeirri niðurstöðu [að] ekki standi brýn þjóðfélagleg nauðsyn til þess að takmarka tjáningarfrelsi Ríkisútvarpsins, ...“ Undir plaggið skrifa Hulda Árnadóttir, formaður, og Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri. Fjölmiðlanefnd tekur hvorki efnislega afstöðu, né boðar hlutlæga skoðun á umkvörtunarefninu. Þetta eru óviðunandi vinnubrögð. Ég snéri mér því til Umboðsmanns Alþingis. Hann segir m.a.: „Af niðurstöðu fjölmiðlanefndar ..., verður ekki annað ráðið en að nefndin hafi tekið erindi yðar til skoðunar.“ Þar með lauk „athugun“ hins ágæta Umboðsmanns Alþingis. Ég fæ ekki betur séð, en að um málsmeðferð þessara „lagavarðhunda“ þings og þjóðar, sé svipað farið og umfjöllun fréttamanna RÚV um jafnréttismál. Hún er þunnildisleg og óvönduð. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort RÚV geti leikið lausum hala, hvað varðar siðferði, dómgreind og vinnubrögð í fréttáflutningi.

Höfundur er ellilífeyrisþegi